# Framkvæmda-fréttir 31. tbl. /06

VEGAGERÐIN



*Héðinsfjarðargöng. Gangamunni í Ólafsfirði. Sjá stöðumynd í opnu og fleiri myndir á baksíðu.*

## Auglýsingar útboða

Þessi auglýsing var birt í síðasta tölublaði en er endurbirt hér vegna prentvillu.

### Vestfjarðavegur (60), Skálanes - Eyri 06 - 048

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu 9,2 km Vestfjarðavegar, frá Kúalág vestan Skálaness að Eyrará í Kollafirði í Gufudalssveit. Um er að ræða 7,5 m breiðan veg með klæðingu.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Bergskering | 32.000 $m^3$ |
| Fylling og fláafleygar | 170.000 $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 40.000 $m^3$ |
| Efra burðarlag | 16.000 $m^3$ |
| Klæðing | 68.000 $m^2$ |
| Frágangur fláa | 200.000 $m^2$ |

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. nóvember 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 7. nóvember 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 28. nóvember 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Hringvegur (1), varnargarðar vestan Skeiðarár 06-074

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í að gera og styrkja 2.400 m langa varnargarða vestan Skeiðarár. Grjót í grjótvörn skal losað í námu.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Fylling í varnargarða | 25.200 $m^3$ |
| Grjótvörn | 23.900 $m^3$ |

Verki skal að fullu lokið 15. júní 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 20. nóvember 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 5. desember 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Leiðrétting

Síðasta tölublað Framkvæmdafrétta, 30. tbl., var ranglega númerað 450 í raðnúmeri. Rétt númer er 451. Þeir sem geyma blöðin eru beðnir um að leiðrétta þetta.

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 31. tbl. 14. árg. nr. 452 20. nóvember 2006**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin**
**Framkvæmdafréttir**
**Borgartúni 7**
**105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.




*Vestfjarðavegur (60), Skálanes - Eyri. Útboð vegagerðar á þessum kafla var auglýst í síðasta tölublaði og er auglýsingin birt að nýju í þessu tölublaði vegna prentvillu. Loftmyndin sýnir útboðskaflann í Kollafirði. Kortið sýnir staðsetningu kaflans.*




*Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 13. nóvember 2006. Búið er að sprengja 345 m í Siglufirði og 41 m í Ólafsfirði.*


Náma G
Náma E
Náma D
Náma C
Eyrará
Mörk útboðs
Stakksdalur
Galtará
28000
28500
29000
29500
27500
27000
26500
26000
25500
25000
24500
24000
23500


Brjánslækur
Kollafjörður
Reykhólar


Lengd 6,9 km
41 m
Ólafsfjörður
A02

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust.
Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.
Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá | 07 |
| 06-073 Drangsnesvegur (645), Strandavegur - Drangsnes | 07 |
| 06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata | 07 |
| 06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur | 07 |
| 06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará | 07 |
| 06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur | 07 |
| 06-026 Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir | 07 |
| 06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið | 07 |
| 06-006 Uppthéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell | 07 |
| 06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss | 07 |
| 06-072 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá | 07 |
| 06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Saxhóll | 06 |
| 06-017 Hringvegur (1) um Hrútafjarðarbotn | 11.12.06 |

| Auglýst útboð | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 06-074 Hringvegur (1), varnargarðar vestan Skeiðarár | 20.11.06 | 05.12.06 |
| 06-048 Vestfjarðavegur (60), Skálanes - Eyri | 06.11.06 | 28.11.06 |
| 06-024 Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná | 30.10.06 | 05.12.06 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 06-023 Blöndudalsvegur (733) | 23.10.06 | 07.11.06 |
| 06-015 Ferjubakkavegur (530) um Gufá | 16.10.06 | 31.10.06 |
| 06-022 Uxahryggjavegur (52), Kaldadalsvegur - Sandkluftavatn | 09.10.06 | 31.10.06 |
| 05-047 Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2 | 09.10.06 | 31.10.06 |
| 06-071 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri | 09.10.06 | 24.10.06 |
| 05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði | 26.06.06 | 11.07.06 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 06-065 Hríseyjarferja 2007-2011 *Eyfar ehf.* | 10.10.06 | 09.11.06 |



*Útboði á endurgerð Útnesvegar um þjóðgarð hefur verið frestað vegna breytinga á umfangi verks.*

# Niðurstöður útboða

## Blöndudalsvegur (733), Svínvetningabraut - Blöndudalshólar 06-032

Tilboð opnuð 7. nóvember 2006 Tilboð í endurbyggingu Blöndudalsvegar á 0,76 km kafla frá Svínvetningabraut að Blöndudalshólum.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Fyllingar og fláafleygar | 2.900 m³ |
| Neðra burðarlag | 2.800 m³ |
| Ræsalögn | 35 m |
| Malarslitlag | 290 m³ |
| Frágangur fláa | 7.500 m² |
| Skurðir | 750 m³ |

Verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2007.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 4 | Fjörður ehf. | 8.619.500 | 132,7 | 3.889 |
| 3 | Norðurtak ehf. | 6.804.200 | 104,8 | 2.073 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 6.495.356 | 100,0 | 1.764 |
| 2 | Guðmundur Vilhelmsson | 5.192.722 | 79,9 | 462 |
| 1 | Steingrímur Ingvarsson | 4.731.000 | 72,8 | 0 |





*Héðinsfjarðargöng. Gangagerð í Ólafsfirði. Myndir: Björn A. Harðarson, GeoTek ehf. Einnig mynd á forsíðu.*